

Nd.

429. Nefndarálit

[25. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin ræddi þetta frv. á nokkrum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Nefndarmennirnir HV og JSk leggja til, að það verði samþykkt óbreytt, en við undirritaðir leggjum til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Frumvarpinu, ef að lögum verður, er ætlað að tryggja sjómönnum 200 þús. kr. hærri slysa- og dánarbætur en öðrum stéttum, og um kostnaðinn við trygginguna segir svo í 1. gr. frumvarpsins: „Kostnaður af sértryggingu þessari greiðist að hálfu af almannatryggingum og að hálfu af útgerðarmönnum.“ Þetta ákvæði út af fyrir sig virðist þurfa nánari skýringa við og fær naumast staðizt, eins og það er orðað. Til þessa hafa iðgjöld slysatrygginga verið uppborin af atvinnurekendum einum. Einnig eru formgallar á frumvarpinu, sem bent er á í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 4. des. 1961, en háttv. minni hluti nefndarinnar hefur ekki tekið tillit til þeirra ábendinga.

Þessi atriði skipta ekki höfuðmáli um afstöðu undirritaðra til þessa máls. Afstaða okkar markast af því, að þegar lögum um almannatryggingar var breytt árið 1960, var samkv. till. nefndar þeirrar, sem undirbjó lagabreytinguna, tekin upp sú meginregla, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingar greiða, skuli vera hinar sömu fyrir alla.

Í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins, sem getið er hér að framan og prentuð er sem fskj. I með nál. háttv. minni hluta, segir svo um breytinguna, sem gerð var hvað þetta snertir 1960:

„Í nefnd, sem skipuð var árið 1959 til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga, er fjalla um upphæð slysaþóta (í nefndinni áttu m. a. sæti Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, og Eðvarð Sigurðsson, núverandi formaður Dagsbrúnar), var þetta mál rætt, og í nefndaráliti, dags. 23/11 1959, segir m. a. svo: „Dánarbætur nema nú kr. 87130.84 fyrir lögskráðan sjómann, en kr. 19143.34 fyrir aðra, sbr. 38. og 39. gr. og lög nr. 27/1959. Ekki verður komið auga á skynsamlegar ástæður fyrir því, að t. d. kona, sem missir mann sinn af slysförum við vegavinnu, fái aðeins kr. 19143.34 í dánarbætur á sama tíma og kona, sem missir mann sinn, sem er sjómaður, fái kr. 87130.84. Nefndin telur því rétt, að dánarbætur verði hinar sömu fyrir alla ...“ Þess má geta, að tillögur nefndarinnar voru samþykktar með lögum nr. 13/1960.“

Í þessari umsögn er þannig skýr ábending frá Tryggingastofnun ríkisins um það, að fylgja beri þeirri reglu áfram, sem upp var tekin 1960, að greiða jafnháar bætur vegna allra tryggðra. Þessa ábendingu tekur háttv. minni hluti nefndarinnar ekki til greina, heldur leggur hann til, að frv. á þskj. 25 verði samþykkt óbreytt, og þar með, að aftur verði farið að mismuna hinum tryggðu eftir stéttum í greiðslu umræddra þóta.

Þessu erum við andvígir. Hins vegar er það skoðun okkar, að hækka þurfi verulega slysa- og dánarbætur frá því, sem nú er, og höfum við komið þeirri skoðun okkar á framfæri við hæstvirtan félagsmálaráðherra, og hefur hann tekið málinu mjög vinsamlega og falið nefnd þeirri, sem nú vinnur að endurskoðun laga um almannatryggingar, að gera tillögur um hækkun bótanna.

Er nauðsynlegt, að málið fái á þennan hátt betri undirbúning, því að fleira þarf að endurskoða en bótaupphæðirnar einar.

Þess vegna leggjum við til, að frv. á þskj. 25 verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingarnar greiða, verði hækkaðar, í framhaldi af þeirri endurskoðun, sem nú fer fram á almannatryggingalögnum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. marz 1962.

Sigurður Bjarnason,
form.

Birgir Finnsson,
fundaskr., frsm.

Jón Kjartansson.